

Viðbragðsáætlun vegna farsóttar

Helstu skipulagsverkefni á mismunandi stigum

1. Rekstur farsóttaviðbragðs Landspítala er á ábyrgð farsóttanefndar. Þegar ekkert sérstakt er í gangi og engin stigun þá felst starfið í að vakta það sem er í gangi á heimsvísu, hafa yfirsýn yfir birgðir (vábirgðir/válfjalistar) og sjá til þess að staða sé uppfærð og aðgengileg á hverjum tíma. Sífelld þarf að huga að endurbótum á húsnæði og vinna að því að spítalinn sé í stakk búinn til að takast á við farsóttir.
2. Óvissustig A – Upplýsingar um eðli atburðar óljósar, yfirvofandi eða orðinn atburður, ónógar upplýsingar um frekari ákvarðanatöku til virkjunar viðbragðsáætlunar
3. Óvissustig B – þegar farið er af hættustigi vegna orðins atburðar sem er viðvarandi ógn en halda þarf tilteknum ráðstöfunum áfram.

Óvissustig A	Óvissustig B
Formaður farsóttanefndar (FSN) kallar nefndina saman, upplýsir forstjóra um mögulega farsótt og kallar eftir framkvæmdastjóra og fulltrúa barnspítala (ef við á) í nefndina. Skrifstofustjóri meðferðarsviðs ritar fundargerðir sem eru skráðar, vistaðar og dreift skv. tilteknu fyrirkomulagi (skjal á S drifi farsóttanefndar)	Viðbragðsstjórn tekur ákvörðun um að fara af hættustigi þegar farsóttin er í rénun og unnt er að færa starfsemina í eðlilegra horf. Taka þarf afstöðu til afléttinga á ýmsum takmörkunum og yfirfara áætlanir m.t.t. nýrrar bylgju farsóttarinnar. Farsóttanefnd fundar eftir þörfum og vaktar ástandið, heldur forstjóra upplýstum Farsóttanefnd leggur til við forstjóra að fara af óvissustigi þegar ekki er lengur ástæða til að viðhafa sérstakar aðgerðir en vöktun er áfram á hendi sýkingavarnadeildar.
FSN lætur kanna eftirfarandi þætti: 1. Birgðir (lyf, vökvar, hlífðarbúnaður, vörur til greiningar sýna, sértækar vörur). Einnig greiningargetu viðeigandi rannsóknarstofu 2. Húsnæði (móttaka sýktra, aðgengi, merkingar, kynningarefni, flutningsleiðir, legurými, gjörgæslurými, áætlanir um virkjun legudeilda og gjörgæsludeilda (börn og fullorðnir, dag- og göngudeildaraðstaða fyrir sýkta)) 3. Mönnun – skipa ábyrgðaraðila mönnunar í hjúkrun og lækningum sem skipuleggja mönnun og setja af stað bakvarðalista og bakvarðaðjálfnun	1. Ábyrgðaraðilar birgða fylgjast með stöðunni og tilkynna til FSN ef vöruskortur er yfirvofandi (þjónustusvið) 2. Yfirfara áætlanir m.t.t. niðurtröppunar aðstöðu og mögulegrar upptröppunar ef ný bylgja ríður yfir 3. Yfirfara mönnunarmódel og endurskoða áætlanir ef til nýrrar bylgju kemur FSN gerir nýtt áhættumat fyrir spítalann
Fræðsla, skilvirk miðlun upplýsinga og skjalfesting verklags eru lykilatriði á þessu stigi: 1. Bjóða upp á fundi á lykildildum, einingum, taka þá upp og hafa aðgengilega á innri og ytri vef 2. Fá samskiptadeild til að stofna sérstaka vefsíðu þar sem öllum upplýsingum og tilkynningum er miðlað jafnóðum 3. Fá gæðadeild til að taka öll gæðaskjöl sem við eiga til skoðunar og uppfærslu eftir því sem þekkingu vindur fram – miðla á ytri vef einnig	Viðhalda upplýsingamiðlun, gefa út tilkynningar eftir þörfum, yfirfara gæðaskjöl
Forstöðumenn geri áætlanir með sínum stjórnendum um móttöku farsóttarsjúklinga sem koma vegna annarra vandamála og þurfa meðferð/aðgerðir/inngríp	Yfirfara og uppfæra áætlanir um móttöku á göngu- dag og legudeildum

Óvissustig A	Óvissustig B
Aðgengi og merkingar – skipa hóp til að útbúa efni á spjöld við innganga og upplýsingaskjái (SVD, AFU, samskiptadeild). Hópurinn ber ábyrgð á uppsetningu og niðurtöku. Taka afstöðu til aðgengis, opnunartímar mannaðra innganga, læsinga deilda og ómannaðra innganga (öryggisdeild). Taka afstöðu til umgangs (heimsóknir, göngudeildir, fylgdarmenn, fjölmiðlar, aðrir sem eiga erindi á Landspítala)	Fara yfir merkingar, taka niður úrelt skilaboð Yfirfara aðgengismál með öryggisdeild
Skipa hóp til að gera áætlun um innlagnir og flæði annarra sjúklinga en farsóttarsjúklinga (sbr. Non-Covid flæði)	Yfirfara og uppfæra áætlanir
Fá flæðisdeild til að útbúa daglegt yfirlit yfir stöðu plássna, fjölda sjúklinga í bið og flagga til framkvæmdastjórnar	Meta þörf fyrir tíðni miðlunar þessara upplýsinga og hvert
Virkja hagdeild í að halda utan um og miðla tölulegum gögnum um fjölda smitaðra, fjölda innlagna, legutíma, fjölda á gjörgæslu, fjölda í öndunarvél, lifandi úr öndunarvél, andlát	Ákveða tíðni þessarar upplýsingamiðlunar í samráði við sóttvarnalækni
Matsalir – undirbúa mögulega lokun- afgreiðslu á deildir, hætta sjálfsskömmun, merkingar, fækkun borða, öryggisvarsla	Ákveða tilslakanir, yfirfara og uppfæra áætlanir
Fara yfir verklag við hólfa-/hópaskiptingu starfsmanna	Draga úr/stoppa hólfaskiptingu
Sóttvarnarráðstafanir sem grípa skal til (grímuskylda, nándarmörk, handhreinsun, hlífðarbúnaður)	Ákveða hvaða ráðstafanir skulu gilda á óvissustigi B
Aðrar ráðstafanir- sóttkví, einangrun, skimun, rakning innanhúss (manna og þjálfar rakningateymi) virkja teymið, starfsmannaheilsuvernd; ábyrgð og hlutverk	Endurskoða verklag og árangur rakningar og beitingu sóttkvíar og skimunar
Sálrænn stuðningur, virkja áfallateymi fyrir sjúklinga og starfsfólk	Sálrænn stuðningur breytist í eftirfylgd og vöktun á líðan starfsmanna
Lyfjameðferð/bólusetningar	Hvað er í boði og hvernig er því miðlað
Kennsla, fundir	Hvað er leyfilegt
Flæði starfsmanna milli starfseininga	Hvað er leyfilegt
Fæðingarþjónusta – viðvera maka	Hvað er leyfilegt

Hættustig – orðinn atburður sem kallar á að starfað sé eftir viðbragðsáætlun. Fjöldi polenda af þeirri stærðargráðu að aukið álag skapast á ýmsar deildir. Viðbragðsstjórn tekur ákvörðun um stígun spítalans.

Verkefni	Ábyrgð
Forstjóri í samráði við farsóttanefnd virkjar viðbragðsstjórn sem ásamt farsóttanefnd stjórnar viðbragði spítalans á hættustigi	Forstjóri
Upplýsa heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis og almannavarna	Forstjóri
Upplýsa starfsfólk spítalans	Forstjóri
Daglegir fundir VBS/FSN – endurmat stígunar	Forstjóri
Fundargerðir skráðar og afrit sent landlækni	Skrifstofustjóri meðferðarsviðs
Áætlanir um virkjun legurýma, gjörgæslurýma, mönnun og flæði annarra en farsóttarsjúklinga virkjaðar. Bakvarðalistar virkjaðir.	Viðbragðsstjórn
Ákvarðanir um niðurtröppun valstarfsemi með hliðsjón af gjörgæslurýmum og mannskap	Viðbragðsstjórn – viðeigandi forstöðumenn og framkvæmdastjóri
Uppsköpun COVID göngudeildar í samræmi við viðbragðsáætlun	Stjórnendur COVID göngudeildar
Fjöldi sjúklinga sem bíða á Landspítala eftir öðrum úrræðum flaggað til yfirvalda	Flæðisdeild vinnur gögn fyrir VBS – forstjóri ber ábyrgð á samskiptum við HRN
Ákvarðanir um aðgengi, heimsóknir, göngudeildarstarfsemi, hólfaskiptingu, reglubundnar skimanir sjúklinga og/eða starfsmanna	Viðbragðsstjórn
Rakningateymi virkjað (ef ekki að störfum)	Viðbragðsstjórn
Verklag yfirfarið og skjalfest jafnóðum	Gæðadeild ásamt SVD og FSN
Dagleg miðlun tölulegra upplýsinga til tilgreindra aðila	Hagdeild (virkjað af VBS)
Daglegar tilkynningar til starfsmanna	Verkefnastjóri FSN
Birgðastaða yfirfarin og því flaggað sem er á gulu eða rauðu	Viðbragðsstjórn (þjónustusvið)
Allar einingar starfi skv. verklagi um þegar smit greinist óvænt á deild og smitaður sjúklingur þarf þjónustu vegna annars vandamáls	Viðbragðsstjórn
Vikulegir samráðsfundir með umdæmislæknum sóttvarna	Forstöðumaður lyflækningaþjónustu/FSN
Samráðsfundir með sóttvarnalækni	FSN (yfirlæknir sýkingavarna)
Almannavarnafundir (SVL/RLS)	Forstjóri og verkefnastjóri/formaður FSN
Samskipti við fjölmiðla	Samskiptadeild stýrir og útdeilir verkefnum

Neyðarstig: Landspítali ræður ekki við atburðinn án utanaðkomandi aðstoðar. Nauðsynlegt að virkja spítalann að fullu.

Dagleg störf eru sömu og á hættustigi en stöðugt áhættumat þarf að fara fram á þeirri þjónustu sem bíður vegna farsóttarinnar og því flaggað til landlæknis og ráðuneytis heilbrigðismála. Þá kann að vera nauðsynlegt að flytja sjúklinga frá Landspítala á aðrar stofnanir innan eða utan höfuðborgarsvæðisins. Það er gert með fulltingi HRN og í samvinnu við forsvarsmenn annarra heilbrigðisstofnana.